

Lög

Nr. 79
28. nóv.

um

heimild til löggildingar á fulltrúum bæjarfógeta til þess að gegna
eiginlegum dómarastörfum, o. fl.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Dómsmálaráðherra er, auk þess, sem áður hefir tíðkast, heimilt að lög-
gilda menn, sem fullnægja lagaskilyrðum fyrir að hafa á hendi dómaraembætti
hjer á landi, til þess að skipa dómarasæti í lögreglumálum og halda sakamáls-
rannsóknir í kaupstöðum landsins í forföllum hins reglulega dómara og á hans
ábyrgð.

2. gr.

Heimilt er lögreglustjóranum í Reykjavík og löggiltum fulltrúa hans að
taka boði sökunauts um að greiða hæfilega sekt samkvæmt gildandi lögum, til
þess að sleppa hjá dómi, og skal afplána þær sektir eftir reglum um afplánun
fjesekta í öðrum málum en sakamálum.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 28. nóvember 1919.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jón Magnússon.